**Reykjalundur endurhæfing ehf.**

**51. fundur stjórnar 25. júní 2024 kl. 14:00-14:45 í Grímansfelli.**

Boðaðir eru; Anna Stefánsdóttir, Gunnar Ármannsson, Aldís Stefánsdóttir, Arna Harðardóttir, varamaður og Pétur Magnússon, forstjóri.
Fundarritari er Arna Harðardóttir.
Gestir: Henrý Örn Magnússon og Sindri Gíslason endurskoðendur og Sigríður K. Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri (lið 2).

**Dagskrá**

1. **Fundargerð nr.50 frá 14.maí, 2024 samþykkt og undirrituð.**

2. **Ársreikningur Reykjalundar endurhæfingar ehf. 2023.**
   Endurskoðendur kynna og leggja fram ársreikning 2023. Umræða um stöðu mála.
   Árreikningar samþykktir

3. **Aðalfundur Reykjalundar endurhæfingar ehf. 4. júní.**
   Farið yfir endanleg dagskrá og skýrslu stjórnar.
   Tillaga að breytingum á stjórnarlaunum. Þau hafa verið óbreytt frá 2021.
      i. Formaður verður hækkar í 12% í stað 10%
      ii. Fyrir almennan stjórnarfund verði greitt 85þúsund í stað 80þúsund.

   Meðfylgjandi var samþykkt á stjórnarfundi 9. nóvember 2021

   **Varðar: Laun stjórnarmanna.**

   Stjórn Reykjalundar endurhæfingar ehf. hefur nú starfað í rúmt ár eða frá stofnun félagsins. Stjórnarstarfið er talsvert meira að umfangi en gert var ráð fyrir í upphafi sérstaklega hjá formanni. Er það ekki síst vegna breytinga sem eiga sér stað í starfsemi Reykjalundar, með nýju skipuriti og rekstrarvanda síðustu ára.

   Eftir umræður um stjórnarlaun á fundi stjórnar 9. nóvember 2021 leggur formaður til að stjórn samþykki eftirfarandi:

   Formaður verði í 10% starfshlutfalli frá 1. september 2021 og laun verði 10% af mánaðarlaunum forstjóra hverju sinni. Formaður fær einnig greitt fyrir stjórnarfundi sömu upphæð og aðrir stjórnarmenn, fær ekki sérstakar greiðslur fyrir aðra fundi.

   Frá 1. janúar 2022 fá stjórnarmenn kr. 80 000 fyrir hvern stjórnarfund og 50% af því fyrir aðra fundi.

   Farið yfir annað tengt aðalfundi.

4. **Fundur SÍBS með heilbrigðisráðherra 22. maí 2024.**
   Gunnar segir frá fundinum.
5. **Önnur mál.**
   - Stjórnarmeðlimir þakka Önnu Stefánsdóttir fyrir síðasta fund hennar sem formaður og samstarfið síðastliðin ár.

**Fundi slitið kl 14:45**

**Næsti fundur stjórnar: 20.ágúst, kl 8:15-9:45.**